

Kennsluáætlun 2025-2026

8. - 10. bekkur

Námsgrein: Smíðar

Kennari: Jennifer Please

Markmið:

Að nemandi geti:

- þekkt helstu verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaeigna og útskýrt rétta notkun þeirra og virkni,
- þekkt flest smíðaeigni sem notuð eru og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
- þekkt flestar smíðaaðferðir, framkvæmt þær algengustu og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
- beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,
- hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir,
- sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu, gert grein fyrir iðngreinum og mikilvægi þeirra í samfélaginu,
- gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina,
- nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru,
- umbreytt stafrænni hönnun í fullunninn hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja eða smíðavéla,
- nýtt sér örtölvur til að stýra aðgerðum.
- greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisval,
- gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis,
- greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Sýnikennsla
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Leiðsagnarnám
- Leitarnám

Námsmat:

- Símat - virkni og vinnubrögð í tímum
- Leiðsagnarmat er viðhaft yfir önnina þar sem nemendur fá munnlega leiðsögn um stöðu sína. Hvað sé gott og hvað sé hægt að bæta.
- Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina.
- Mikið áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda.
- Sjálfsmat, nemendur meta sig í lok verkefni.

Námsgögn:

- Smíðaverkfæri
- Ýmsar smíðabækur
- Efni af vef og frá kennara